

RÍKJARÁÐSTEFNA UM
AÐILD ÍSLANDS AÐ EVRÓPUSAMBANDINU

SAMNINGSAFSTAÐA ÍSLANDS

8. kafli

Stefna í samkeppnismálum

Samantekt um samningsafstöðu

1. EES-samningurinn tekur að fullu til 8. kafla um stefnu í samkeppnismálum. Ísland innleiðir og beitir regluverki sem varðar Evrópska efnahagssvæðið og fellur undir þennan kafla með samfelldum hætti.
2. Ísland fellst á sameiginlega regluverkið sem varðar 8. kafla um stefnu í samkeppnismálum eins og það stóð 6. desember 2010.¹ Ísland mun hafa lokið við innleiðingu á öllu regluverki, sem fellur undir þennan kafla fram til þess dags og ekki hefur verið innleitt, við aðild.
3. Ísland hefur þann löggjafar- og skipulagsramma sem nauðsynlegur er til að standa áfram að innleiðingu regluverksins í þessum kafla.
4. Ísland fer ekki fram á sérlausnir, undanþágur eða aðlögunartímabil vegna þessa kafla.

EES-samningurinn

Ísland hefur verið aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) síðan hann öðlaðist gildi árið 1994. Ísland hefur því tekið þátt í innri markaðinum í rúmlega 16 ár og innleitt alla viðeigandi löggjöf ESB með tilliti til fjórþætta frelsisins, sem og á öðrum mikilvægum sviðum á borð við rannsóknir og þróun, menntun, félagsmálastefnu, umhverfismál, neytendavernd, ferðaþjónustu og menningarmál. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) fylgist reglulega með stöðu Íslands gagnvart EES-samningnum og birtir tvisvar á ári upplýsingar um frammistöðu Íslands á innri markaðinum (e. internal market scoreboard).

Í þeim köflum sem EES tekur til hefur Ísland byggt upp löggjafar- og stofnanaramma sinn til samræmis við, og til innleiðingar á, viðeigandi löggjöf ESB. EES-samningurinn tekur til 8. kafla um stefnu í samkeppnismálum.

Hvað ríkisaðstoð varðar, tekur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ákvörðun um það hvort aðstoð sem ríki veitir teljist samrýmanleg innri markaðinum. Eftirlitsstofnun EFTA tekur slíkar ákvarðanir með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

¹ Dagsetning rýnifundar (einn fundur í þessum kafla)

Lagarammi

Lagaramminn er fyrir hendi til áframhaldandi innleiðingar þess regluverks sem þessi kafli tekur til.

Hringamyndun, að samruna meðtöldum

Í samkeppnislögum nr. 44/2005 (hér á eftir nefnd „samkeppnislög“) er að finna grundvallarreglur um samkeppnishömlur, markaðsráðandi stöðu og samrunaeftirlit. Mælt er fyrir um ítarlegar málsmeðferðarreglur í reglugerð. Löggjöf Íslands um hringamyndun er í samræmi við regluverk Evrópusambandsins.

Í 10. gr. samkeppnislaga er lagt bann við samkeppnishömlum í samræmi við 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins. Í 1. mgr. 15. gr. samkeppnislaga er mælt fyrir um reglur varðandi undanþágur frá ákvæðum um samkeppnishömlur í samræmi við 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Í 11. gr. samkeppnislaga er lagt bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu í samræmi við 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 54. gr. EES-samningsins. Í V. kafla samkeppnislaga er mælt fyrir um eftirlit með samruna fyrirtækja á Íslandi.

Ísland innleiðir afleidda löggjöf að því er varðar hringamyndun, að samruna meðtöldum. Hefur það verið gert með setningu reglugerða þar sem fram kemur að sú gerð Evrópusambandsins sem um ræðir gildi á Íslandi og að þýðing á henni fylgi í viðauka við innleiðingarlöggjöfina. Þegar þörf krefur hafa breytingar einnig verið gerðar á samkeppnislögnum til þess að innleiða afleidda löggjöf.

Kveðið er á um málsmeðferðarreglur varðandi beitingu samkeppnisreglna í samkeppnislögnum frá 2005 og einnig í málsmeðferðarreglum Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005 og í reglum um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 854/2008. Viðkomandi reglur eru í samræmi við reglur Evrópusambandsins um málsmeðferð.

Ríkisaðstoð

Helstu ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð eru í samræmi við ákvæði sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Þannig eru 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og 1. gr. í I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól nánast efnislega samhljóða 107. gr og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Eini munurinn felst í d-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans varðandi lögmæti ríkisaðstoðar til að stuðla að verndun menningar og menningararfleifðar, sem ekki fellur undir EES-samninginn. Í 7. gr. EES-samningsins er kveðið á um að ákvæði laga sem um getur eða er að finna í viðaukum við samninginn séu bindandi fyrir EFTA-ríkin sem eiga aðild að samningnum og skuli tekin upp í landsrétt. Í XV. viðauka við samninginn er að finna viðkomandi regluverk ESB sem gildir á sviði ríkisaðstoðar.

Önnur mál

Lagaramminn byggir á samkeppnislögum og samkeppnisreglum EES-samningsins. Nánar tiltekið, 59. gr. EES-samningsins samsvarar 106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og gerir Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) kleift að beita samkeppnisreglum gagnvart fyrirtækjum með sérleyfi eða einkaleyfi með sömu skilmálum. Löggjöf Íslands á þessu sviði er í samræmi við regluverk Evrópusambandsins.

Íbúðalánasjóður (hér á eftir nefndur „ÍLS“) er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem veitir einstaklingum, sveitarfélögum, fyrirtækjum og félagasamtökum húsnæðislán til íbúðarkaupa og byggingarframkvæmda.

Starfsemi ÍLS er til athugunar hjá ESA sem hefur lýst því yfir að þjónusta sem nær til markmiða lánveitinga ÍLS geti hugsanlega talist þjónusta sem hefur almenna efnahagslega þýðingu og réttlætir ríkisaðstoð. Hins vegar telur ESA jafnframt vafa leika á því að tilteknir þættir lánveitinganna geti samrýmst framkvæmd EES-samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA heimilaði 33 milljarða króna framlag íslenska ríkisins í formi björgunaraðstoðar til ÍLS í mars 2011.² Aðstoðin var samþykkt til bráðabirgða með fyrirvara um endurskipulagningu ÍLS. Íslensk stjórnvöld og ESA eru einhuga um að ítarlegri áætlun um endurskipulagningu ÍLS verði lokið fyrir lok september til þess að gera ESA kleift að ljúka athugun sinni.

Ísland hyggst viðhalda og tryggja tilvist opinbers félagslegs íbúðalánasjóðs með það að markmiði að tryggja fjármögnun á íbúðarhúsnæði fyrir einstaklinga og eftir atvikum lögaðila sem hafa það hlutverk að fylgja eftir félagslegri stefnu stjórnvalda í húsnæðismálum. Slíku kerfi er einnig ætlað að tryggja jafnvægi í framboði á lánsfé til íbúðarkaupa milli dreifbýlis og þéttbýlis sem er mikilvægur þáttur í að viðhalda búsetu í dreifðum byggðum landsins.

Ísland hyggst viðhalda núverandi fyrirkomulagi á verslun með áfengi og tóbak sem grundvallast á einkaleyfi fyrirtækis í ríkiseigu (Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, hér á eftir nefnd „ÁTVR“). Ísland telur að fyrirkomulagið sé í samræmi við regluverk Evrópusambandsins. Einkaleyfi ÁTVR tekur til smásölu á áfengi og heildsölu á tóbaki. Tilgangur þessa fyrirkomulags er að stuðla að lýðheilsu með því að draga úr heilsufarslegum og samfélagslegum skaða af völdum áfengis og tóbaks. Áfengi er skilgreint sem neysluhæfur vökvi sem í er að rúmmáli meira en 2,25% af hreinum vínanda. Ákvæði um verslun með áfengi og tóbak er að finna í lögum nr. 63/1969. Reglur um ÁTVR eru í samræmi við viðeigandi ákvæði EES-samningsins, sem eru samhljóða viðkomandi ákvæðum sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Stofnanarammi

Stofnanarammi til áframhaldandi innleiðingar regluverks þessa kafla er fyrir hendi.

Hringamyndun, að samruna meðtöldum

² Ákvörðun nr. 69/11/COL frá 16. mars 2011.

Efnahags- og viðskiptaráðherra er ábyrgur fyrir framkvæmd samkeppnislaga en ráðherra felur sérstakri stofnun, Samkeppniseftirlitinu, eftirlit samkvæmt lögnum og daglega stjórn málefna innan gildissviðs laganna.

Samkeppniseftirlitið er sjálfstæð stofnun með eigin stjórn. Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Samkeppniseftirlitsins. Meiri háttar efnislegar ákvarðanir skal bera undir stjórn til samþykktar eða synjunar. Forstjóri stofnunarinnar ber ábyrgð á daglegri stjórnun og starfsemi og er ráðinn af stjórn. Hjá Samkeppniseftirlitinu eru 24 starfsmenn. Samkeppniseftirlitið tók til starfa 1. júlí 2005 og hefur birt 286 ákvarðanir frá þeim tíma þar til rýnifundur fór fram, að meðtali 55 ákvarðanir árlega. Samkeppnislögum hefur verið framfylgt af krafti með tilliti til núverandi fjármála- og efnahagskreppu. Nokkur mál hafa verið skráð og varða tíu þeirra eftirlit, 16 fyrirtæki hafa verið sektuð um samtals 9,8 milljónir evra, fjórir samrunar hafa ekki verið heimilaðir eða bannaðir og skilyrði sett varðandi 15 samruna.

Samkeppniseftirlitið hefur heimild til þess skv. samkeppnislögum að beita 53. gr. og 54. gr. EES-samningsins. Samkeppniseftirlitið fer eftir leiðbeinandi reglum sem ESA hefur samþykkt.

Ríkisaðstoð

Eftirlitsstofnun EFTA framfylgir almennu banni við ríkisaðstoð sem raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni og gildir á Íslandi. Einnig er það hlutverk stofnunarinnar að ákveða hvernig undanþágum frá banninu skuli beitt. Tilkynna þarf tillögur um ríkisaðstoð til stofnunarinnar áður en þær koma til framkvæmda. Eftirlitsstofnunin metur hvort tillaga feli í sér ríkisaðstoð sem unnt er að banna og kannar, ef svo er, hvort hún uppfylli skilyrði um undanþágu.

ESA hefur heimild til að beita reglunum, m.a. til að krefjast þess að EFTA-ríkin veiti viðeigandi upplýsingar, framkvæma skoðanir á staðnum og krefjast þess að ríkisaðstoð sem brýtur í bága við EES-samninginn sé endurgreidd með vöxtum. ESA getur einnig höfðað mál gegn EFTA-ríkjum fyrir EFTA-dómstólum vegna brota á reglum um ríkisaðstoð. Mælt er fyrir um málsmeðferðarreglur þessar í II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem tekur upp reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans (nú 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins).

Hvað efnisákvæði varðar hefur ESA samþykkt ýmsar leiðbeinandi reglur sem skýra hvernig stofnunin túlkar reglur um ríkisaðstoð. Leiðbeinandi reglur ESA endurspeglar reglur sem Evrópusambandið hefur samþykkt um beitingu 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Samþykkt regluverks ESB

Ísland fellst á sameiginlega regluverkið í 8. kafla um stefnu í samkeppnismálum eins og það stóð 6. desember 2010. Ekki er farið fram á sérlausnir, undanþágur eða aðlögunartímabil í þessum kafla.